

Af síðum

# FINANCIAL TIMES

©The Financial Times Limited 2014. Óll réttindi áskilin. Ekki til endurdreifingar, afritunar eða endurritunar með neinum hætti. Óll ábyrgð á þódingum er Morgunblaðsins og mun Financial Times ekki gangast við ábyrgð á þeim.

## Tölvurnar taka að sér fasteignamatið

Eftir John Thornhill

Hollenskt fyrirtæki beitir nú tölvutækninni til að verðmeta milljónir fasteigna um heim allan. Próunin kann að leiða til þess að mat af þessu tagi verði að mestu úr höndum fólks og færst inn í gríðarstórr gagnasöfn sem meti heilu fasteignarmarkaðina í rauntíma.

Peir sem kaupa og selja fasteignir eru eins og andhverfan á skilgreiningu Oscars Wilde á bölsýnismanni: þeir vita hvers virði allt er, en vika ekki hvad nokkur hlutur kostar.

Allir sem sýsla á fasteignarmarkaði eru mjög uppteknir af fræðilegum verðmatsaðferðum, hvort sem í hlut eiga verktagar, bankar, fasteignasarlar, tryggingafélög eða venjulegt fólk í leit að heimili. En, eins og allir vita sem hefur einhværn tíma legið á að selja fasteign, þá er það eina sem segir til um virði fasteignar hve mikil einhver annar er tilbúinn að borga fyrir hana. Og sú upphæð ræðst enn að mestu leyti af duttlungum tveggja násýldra tilfinninga: græðir og ótta.

### Gjörbreytt nálgun

Frumkvöðlar á svíði gríðar-gagnagreiningar (e. big data) segjast núna geta gjörbreytt því hvernig fasteignir eru verðmetnar,



GeoPhy verðmetur milljónir eigna í hverjum einasta mánuði, m.a. fyrir fasteignalánasjóinn Fannie Mae í Bandaríkjum.

svo að þessu svíði muni svipa minna til listforms og eiga meira skylt við visindi. Með því að reikna verðmat út af meiri hráða og nákvæmni, byggt á risastórum gagnasöfnum, segjast þeir geta hjálpað öllum að eiga í fasteignavísksíptum með fastara land undir fótum. Og ef allir aðilar markaðarins eru betur upplýstir þá ætti

markaðurinn sem heild að hegða sér að skynsamlegri hætti og verða skilvirkar.

Fyrirtæki sem sérhæfa sig í að verðmeta fasteignir, s.s. Home-track í Bretlandi, hafa svo árum skiptir liðsamt bonkum með því að reikna út virði íbúðarhúsnæðis nærrí því í rauntíma. Fyrir vikið hafa bankarnir náð að draga úr

kostnaði og bæta þjónustu við viðskiptavini með skjótfengnari ákvörðunum um veitingu fasteignalána, og stundum að niðurstæða liggur fyrir á innan við tveimur minútum.

Hollenska sprotagyrtæknið GeoPhy hefur sett sér það risatára markmið að geta verðmetið fasteignir alls íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í heiminum, nánast í rauntíma. „Það agalega flókt sem er á fasteignaverði stafar af skorti á upplýsingum,“ segir Teun van den Dries, stofnandi GeoPhy. „Við stefnum að því að koma að stöðum upplýsingastreymi.“

GeoPhy byrjaði að því að verðmeta allar þær 8,6 milljónir fasteignir sem eru í Hollandi. Til þess notaði fyrirtækið fasteignaskrá stjórnar, bæti við gögnum um öll skráð viðskipti með fasteignir og blandaði svo saman við nokkrum hundruð gagnasöfn til viðbótar, þar að meðal gervihannamýndir. Í dag nær kerfi GeoPhy líka yfir 48,5 milljónir fasteigna í Bretlandi og 147 milljónir eigna í Bandaríkjum. Fyrirtækið vill bjóða þjónustu sína á heimsvitu en gæti rekist sig að í sumum löndum er gagnaframboðið takmarkað, s.s. í Kína.

### Veltir 12 milljörðum dala

Eins og stendur starfa um 82.000 manns við það að verðmeta fasteignir, bara í Bandaríkjum, og veltir greinin um 12 milljörðum dala árlægla. Gæti petta orðið enn eitt svið atvinnulífsins þar sem fólk verður smáman skipti út fyrir vélar. Sum stærstu verðmatsfélögin eru þegar farin að gera tilraunir með sjálfvirkum mat, þeidi vegna lægrí kostnaðar, tímars og áreiðanlegri gagnaflunar, og minni hættu á svíkum.

Sem daemi þá kaupir Fannie Mae mánaðarlega verðmat af GeoPhy fyrir þær 19 milljónir fasteigna sem undir sjóinni heyrar. Fram að því hafði bandaríska fasteignalámostofnunin gert þessu útreikningu á priggja ára fresti.

Fasteignasírfraðingar segja að mikilvægi sjálfværar fasteignamusins eru ekki koma almennilega í ljós fyrr en í næstu efnahagssveiflu. Sum verðmatsfyrirtækini viðurkenna það, undir fjögur augu, að sú aðferðafræði sem greinir reiðir sig á sé enn í þróun, en batni í sífelli með nýjum gögnum.

Elli málsins samkvæmt er erfðað að verðmeta atvinnuhúsnæði því minna liggur á laus af gögnum um leiguskilmála og tekjurstreym. Þá getur fjárhagssæða eigaða húsnæðisins og aðgangur hans að fjármagni skipt miklu máli fyrir útreikninga á verði.

Broadgate-hverfið í London er sláandi daemi um hve mjög verð fasteigna getur sveiflast. Markaðurinn fyrir atvinnuhúsnæði var enn að ná áttum eftir fjármála-kréppuna þegar fasteignafelagid British Land seldi Blackstone helminginn af byggingasvæðinu á 77 milljónir punda (og losaði sig í leiðinni við helminginu af útstandandi skuldum vegna Broadgate sem þá námu 2,1 milljarði punda). Fjórum árum síðar seldi Blackstone þennan sama hlut til GIC í Singapur á 1,7 milljarða punda.

### Tækni sem lofar góðu

Phil Clark, yfirmaður fasteignafjárfestingar hjá Kames Capital, segir að sjálfvert verðmat fasteigna lofi góðu, en að umgangast þuri þessa nýju tækni af várkární. „Það er ekkert til sem heitir Nirvana,“ segir hann.

Verðmat fasteigna mun alltaf byggjast á það ódómgreind þess sem metur og úrvinnslu gagna. Eignir í algjörum sérflokki, t.d. verslunarhúsnæði af bestu sort við eftirsóttar götur, sem skipta ekki um eigendur nema á 30 ára fresti, er mjög snuð að metu með sjálfvirkum aðferðum því að gagnapunktnar eru sva fáir. Fjárfestar munu líka vilja fá greinargöða útskýringar á hvad það er sem ræður verðmatinu. „Það mun allaf verða þörf fyrir matsmenn. Sí markaður sem við störfum á er ekki bundinn við tölvuskjá,“ segir Clark.

Kannski er stóra spurningin hvort betri aðferðir við verðmat fasteigna muni leida til þess að markaðurinn tak að hegða sér með rökréttari hætti. Í skýrslu um bandarísku fasteignabónala ferði hagfræðingurinn Dean Baker rök fyrir því að það hefði þurft „maka-lausans trassaskap“ til að taka ekki eftir heiri sögulegu haekkun fasteignaverði sem átti sér stað á tíunda áratugnum. En samt för bólum framhjá fólk, og endað með því að fíjogurra ára tímabilini gufuði upp 8.000 milljarðar dala sem fólk taldi sig eiga í fasteignum sínum. Stundum er það raunin að enginn er jafn blindur og sá sem vill ekki sjá.

**VERKEFERA SALAN**

**Hörku herslulyklar frá**

**Milwaukee**

Verkfærasalan - Síðumúla 11 - Dalshrauni 13 - 560-8888 - [www.vfs.is](http://www.vfs.is)